

## AUGLÝSING

### um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

Í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum, og ákvæði Nice-samningsins frá 15. júní 1957 um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, með síðari breytingum, gildir eftirfarandi flokkaskrá fyrir vörur og þjónustu vegna skráningar vörumerkja sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Flokkaskráin er í samræmi við 8. útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar um flokkun vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja samkvæmt Nice-samningnum en þessi útgáfa vöruskrárinnar öðlast gildi 1. janúar 2002. Breytingarnar eru aðallega þær að flokki 42 hefur verið skipt upp í flokka 42, 43, 44 og 45. Nýjum þjónustuflokkum hefur því verið bætt við, þ.e. flokkum 43, 44 og 45.

Í flokkaskránni er aðeins að finna meginefni hvers flokks. Styðjast verður við enska eða franska útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar ( 8. útgáfu) þegar vafi leikur á um hvar flokka skuli tiltekna vöru eða þjónustu.

Frá 1. janúar 2002 skal í umsókn um skráningu vörumerkis flokka og tilgreina vörur og þjónustu, sem óskað er skráningar fyrir, í samræmi við þessa skrá, sbr. einnig 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum, og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 310/1997 um skráningu vörumerkja o.fl.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 en samtímis fellur úr gildi auglýsing nr. 311/1997 um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. desember 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Pormóðsson.*

### Fylgiskjal.

#### **Skrá um flokkun vöru og þjónustu.**

##### **I. Vörur.**

1. Efni til að nota í iðnaði, við vísindastörf, ljósmyndun sem og í landbúnaði, garðrækt og skógrækt; óunnin gervikvoða; óunnar plastvörur; áburður; slökkviefni; efnablöndur til herslu og lóðunar; efni til varðveislu á matvælum; sútunarefni; lím- og bindiefni til iðnaðarnota.
2. Málning, gljákvöða (fernis), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni, bæs; óunnin náttúruleg kvöða; málmþynnur og málmduft fyrir málara, skreytingamenn, prentara og listamenn.
3. Bleikiefni og önnur efni til nota við fataþvott, ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun; sápa; ilmvörur, ilmolíur, snyrtivörur, hárvötn; tannhirðivörur.
4. Olíur og feiti til iðnaðar; smurolíur; raka- og rykbindiefni; brennsluefni (þar með talið brennsluefni fyrir hreyfla) og ljósmeti; kerti, kveikir.

5. Efnablöndur til lyfja-, dýralækninga og hreinlætisnota; næringarefni framleidd til læknisfræðilegra nota, barnamatur; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sótthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum, sveppum og illgresi.
6. Ódýrir málmur og blöndur úr þeim; byggingarefni úr málm, færanlegar byggingar úr málm; málmefni í járnbrautarspor; strengir og vírar úr ódýrum málmum, ekki til rafmagnsnota; járnvörur og smáhlutir úr málm; pípur og hólkar úr málm; öryggisskáp; vörur úr ódýrum málmum sem ekki heyra undir aðra flokka; málmgrýti.
7. Vélar og smíðavélar; hreyflar (þó ekki í ökutæki); vélatengsli og drifbúnaður (þó ekki í ökutæki); landbúnaðarvélar sem ekki eru handknúnar; klakvélar (útungunarvélar).
8. Handverkfæri og handknúin tól, eggjárn og hnífapör, höggvopn og lagvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, raftækni, ljósmyndun, kvikmyndatöku og -sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjasendingatæki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og -búnaður; tæki sem notuð eru til að taka upp eða flytja hljóð eða mynd; segulupptökutæki, gagnadiskar; sjálfsalar og vélbúnaður fyrir myntstýrð tæki; búðarkassar; reiknivélar; gagnavinnslubúnaður og tölvur; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga; gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til bæklunarlækninga; þráður til að sauma saman sár.
11. Tæki og búnaður fyrir lýsingu, hitun, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loft-ræstingu, vatns- og hreinlætislagir.
12. Ökutæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.
14. Góðmálmur og blöndur úr þeim, svo og vörur úr góðmálmum eða húðaðar með þeim sem ekki heyra undir aðra flokka; skartgripir, gimsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga.
15. Hljóðfæri.
16. Pappír, pappi og vörur úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; prentað mál; bókbandsfni; ljósmyndir; ritföng; bréflim og lím til heimilisnota; vörur handa listamönnum; málningarpenslar; ritvélar og skrifstofutæki (þó ekki húsgögn); fræðslu- og kennslugögn (þó ekki tæki); plastefni til pökkunar (sem ekki eru talin í öðrum flokkum); spil; leturstafir; myndmót.
17. Gúmmi, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbest, gljásteyn og vörur úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; hálfunnið þanið plast til iðnaðarnota; efni til hvers konar þéttingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur sem ekki eru úr málm.
18. Leður og leðurlíki og vörur gerðar úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; skinn og húðir; ferðakoffort og ferðatöskur; regnhlífur, sóhlífur og göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi.
19. Byggingarefni (ekki úr málm); ósveigjanlegar pípur (ekki úr málm) í byggingar; asfalt, bik og malbik; færanleg hús, ekki úr málm; minnisvarðar, ekki úr málm.
20. Húsgögn, speglar, myndarammar; vörur (ekki taldar í öðrum flokkum) úr tré, korki, reyr, spanskreyr, tágum, horni, beini, filabeini, hvalbeini, skel, rafí, perlumóður, sæfrauði, svo og úr efnum sem geta komið í stað þessara, eða úr plasti.
21. Heimilis- eða eldhúsáhöld og ílát (þó ekki úr góðmálm eða húðuð með honum); greiður og þvottasvampar; burstar (nema málningarpenslar); efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; stálull; óunnið eða hálfunnið gler (þó ekki gler notað við byggingar); glervörur, postulín og leirvörur, ekki taldar í öðrum flokkum.
22. Kaðlar, seglgarn, net, tjöld, segldúkur, yfirbreiðslur, segl, pokar og skjóður (ekki taldar í öðrum flokkum); bólstrunarefni (nema úr gúmmi eða plasti); óunnin efni úr þræði til vefnaðar.
23. Garn og þráður til vefnaðar.

24. Vefnaður og vefnaðarvörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; rúmteppi og borðdúkar.
25. Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.
26. Blúndur og útsaumur; bordar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, prjónar og nálar; gerviblóm.
27. Teppi, mottur; gólfdukar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðning (þó ekki ofin).
28. Leikspil og leikföng; leikfimi- og íþróttavörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlaup, -sultur og -sósur; egg, mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti.
30. Kaffi, te, kakó, sykur, hrísgrjón, tapioka, sagógrjón, gervikaffi; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti, ís til matar; hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt, sinnep; edik, sósur (bragðbætandi); krydd; ís.
31. Landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir, svo og korn sem ekki er talið í öðrum flokkum; lifandi dýr, nýir ávextir og grænmeti; fræ, lifandi plöntur og blóm; dýrafóður; malt.
32. Bjór, ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir og ávaxtasafi; þykkni og önnur efni til drykkjargerðar.
33. Áfengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

## II. Þjónusta.

35. Auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti.
37. Byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnaþjónusta.
38. Fjarskipti.
39. Flutningar; pökkun og geymsla vöru; ferðaþjónusta.
40. Vinnsla og meðferð efna og hluta.
41. Fræðsla; þjálfun; skemmtistarfsemi; íþróttar- og menningarstarfsemi.
42. Vísinda- og tækniþjónusta og rannsóknir og hönnun í tengslum við það; rannsóknar- og greiningarþjónusta á sviði iðnaðar; hönnun og þróun tölvubúnaðar og tölvuhugbúnaðar; lögfræðiþjónusta.
43. Veitingaþjónusta; gistiþjónusta.
44. Læknisþjónusta; dýralæknisþjónusta; heilsurækt, fegrunar- og snyrtiþjónusta fyrir menn og dýr; þjónusta við landbúnað, garðyrkju og skógrækt.
45. Persónu- og félagsleg þjónusta í þágu einstaklinga; öryggisþjónusta til verndar einstaklingum og eignum.